220. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Föstudaginn 12. desember 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins í gegnum fjarfundarbúnað var Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:00.*
2. *Fundargerð 219. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Tillaga KGSÍ um tekjuskiptingu ársins 2026 tekin til umfjöllunar.* Jóhannes Finnur kynnti tillögur að skiptingu fjárveitinga úr ríkissjóði til kirkjugarða landsins árið 2026. Um sömu tillögur er að ræða og fyrir árið 2025 sem eru aðlagaðar að nýjum forsendum. Lagt er til að 8% fjárveitingarinnar renni til kirkjugarðasjóðs líkt og undanfarin ár. Grafargjöld hækka um 2,24%. Spáð er fjölgun greftrana í þéttbýli og í duftgrafreiti en fækkun grafinna í dreifðari landsbyggðum.
   Fram kom að einingaverð hækki um tæplega 1,4% milli ára. Kynnti Jóhannes Finnur jafnframt umhirðuflokka og aukningu fermetra til umhirðu á árinu miðað við 1. desember sl. Fermetraaukning verður uppfærð í upphafi árs 2026 þegar desembertölur liggja fyrir. Bent var á að líklega sé skekkja í skráðri aukningu fermetra til umhirðu, þar sem fyrir kemur að skráningar greftrana skili sér ekki í gagnagrunninn vegna villu í skráningarkerfinu. Nefnd voru dæmi um slíkt m.a. á Blönduósi og á Akureyri. Verið er að skoða málið hjá aðilanum sem sér um skráningarkerfið. Mikilvægt er að finna orsök þessa og að uppgefinn fjöldi greftrana sé réttur, enda er bara greitt fyrir skráningar sem skila sér í gagnagrunninn.
   Bókað er að tillaga að hlutfallsskiptingu er samþykkt, með þeim fyrirvara að endanlegar tölur í samþykktum fjárlögum breytist ekki. Samþykkja þarf einingaverð fyrir 10. janúar nk. Jóhannes Finnur yfirgaf fund að loknum fundarlið.
4. *Önnur mál.* Rætt var að kirkjugarðaráð myndi á komandi ári rýna lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og greina hverju þarf að breyta til að bæta starfsumhverfi kirkjugarða. Hafa má til hliðsjónar drög að lagabreytingum frá 2012. Með þessu væri búið í haginn fyrir væntanlegt samráð sem dómsmálaráðuneyti boðar eflaust til þegar vinna við endurskoðun laganna hefst. 2) Ingvar ræddi mál sem varðar jarðsetningu duftkers í eldra leiði. Komið hefur í ljós að afstaða afkomenda til þessa er mismunandi. Rætt var hversu langt forsvarsmenn kirkjugarða eigi að ganga

til að kanna hug aðstandenda og mögulegt ósætti þeirra á milli. Ráðsmenn voru sammála um að það sé ekki hlutverk kirkjugarðsstjórna að leita af sér allan grun í hverju einstaka máli. 3) Ragnhildur ræddi hvort sóknarnefnd í stórri sókn geti stofnað sérstaka kirkjugarðastjórn, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 36 frá 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Nefndarmenn eru sammála því áliti að ekkert banni sóknarnefnd að bera slíkt mál upp á safnaðarfundi. Jafnframt beri að halda til haga að kirkjugarðar séu fyrir alla óháð trúfélagi.

5. *Næsti fundur.* Úthlutunarfundur verður fimmtudaginn 12. febrúar 2026 kl. 10:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 12:30.